



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð 33. eigendafundar Strætó bs.

**Hábraut 2
Mánudaginn 04. október 2021, kl. 11:15**

Mætt:

f.h. eigenda Strætó bs.:

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ.
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogi.
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnessbæ.
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ.
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg, tók þátt með fjarfundabúnaði.

frá stjórn Strætó bs.:

Hjálmar Sveinsson, Reykjavík.
Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kópavogi.
Rúnar Bragi Guðlaugsson, Mosfellsbæ.
Sigrún Edda Jónsdóttir, Seltjarnarnesi.

Enn fremur sátu fundinn Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Gunnar Einarsson, stýrði fundi.

Dagskrá var lögð fram og gengið til dagskrár.

1. Fjárhagsáætlun byggðasamlaga 2022-2026-Strætó bs. / málsnr. 2108006

Áframhald umræðu frá 32. fundi. Hjálmar Sveinsson, formaður stjórnar Strætó bs., og Jóhannes Svavar Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs. kynntu stöðu og drög að forsendum fjárhagsáætlunar 2022 ásamt hugmyndum um mögulegar leiðir til hagræðingar.

Niðurstaða fundar:

Unnið verði áfram að gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022 og stjórn Strætó bs. er falið að kanna betur möguleika á frekari lántöku en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir, samhliða fyrirhugaðri



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

hagræðingu, og áhrif þess á fjárhag fyrirtækisins. Í framhaldinu verði fundað að nýju, þá með hliðsjón af vinnu sem fram hefur farið við fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna.

2. Önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, fundarritari.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 20.08.2026